

**Breytingartillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2020**

**D-1 Tillaga Sjálfstæðisflokks um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega.**

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2020 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur:

- I. 100% lækkun: Einstaklingar með tekjur allt að 5.000.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 6.540.000 kr.
- II. 80% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.000.000 til 5.600.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 6.540.000 til 7.700.000 kr.
- III. 50% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.600.000 til 6.200.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.700.000 til 8.640.000 kr.

**Greinargerð:**

Reykjavíkurborg þarf að vera undirbúin fyrir fjölgun eldri borgara og mæta búsetuþörf þeirra. Með tillögunni er lagt til að fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði í eigu ellilífeyrisþega, sem nýtt er þeim til búsetu, verði lækkuð.

**Skv. mati fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar yrði útgjaldaauki m.v. frumvarp að fjárhagsáætlun og fyrirbyggjandi tillögu um 220 mkr. árið 2020. Breytingar þessar verði fjármagnaðar með lækkun á liðnum ófyrirséð en sá útgjaldaauki er 1.600 milljónir íslenskra króna m.v. frumvarp af fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.**

Aldraðir eru margir skuldugir en þurfa samt að borga þessa skatta óháð því, bæði til ríkis og borgar. Álögur borgarinnar á eldri borgara hafa hækkað gríðarlega á síðustu árum með tvennum hætti. Annars vegar hefur Reykjavíkurborg hækkað fasteignagjöld um allt að 40 til 50 prósent á íbúðaeigendur. Auk þess hækkað önnur gjöld eins og til dæmis heita vatnið og fleira sem nauðsynlegt er að kaupa af borginni. Á sama tíma hafa eldri borgarar fundið fyrir tekjuskerðingum þar sem þeim er refsað fyrir að vinna. Þeir borga alla venjulega skatta af sínum launum hafa verið teknar af þeim lífeyrisgreiðslur, vegna þess að þeir hafa verið að vinna.

Tillagan miðar að því að minnka skerðingar til eldri borgara en álögur og jaðarskattar geta komið í veg fyrir að eldra fólk geti dvalið lengur á heimili sínu í eigin húsnæði. Í staðinn þarf borgin að útvega kostnaðarsöm dvalarúrræði sem eru ekki í öllum tilvikum fyrsti valkostur. Einnig er lagt til að samhliða verði heimaþjónusta styrkt í samvinnu við eldri borgara.

Samþykkt tillögunnar yrði í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til 2022 sem samþykkt var í borgarstjórn 6. mars 2018. Á meðal markmiða var að eldri borgarar eigi að ráða sér sjálfir og að öll aðstoð skuli taka miða af því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og því sé gert kleift að lifa því lífi sem það kys.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að borgin leggi sitt af mörkum til þess að auðvelda eldri borgurum að búa, ef þeir geta og vilja, á eigin heimili. Slíkt er ekki bara mannsæmandi heldur miklu hagkvæmara fyrir þjóðfélagið, heldur en að nota dvalarstofnanir.

## **Var afgreidd á fundi borgarstjórnar 5. nóvember 2019.**

### **D-2 Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um lækkingu fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60%**

Borgarstjórn samþykkir að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60% þegar á árinu 2020.

#### **Greinargerð**

Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði hefur verið óbreyttur um margra ára skeið eða 1,65% af fasteignamati. Í sáttmála meirihluta er gert ráð fyrir að hann lækki í 1,60% í lok kjörtímabils eða um 0,05%. Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkur er gert ráð fyrir að tekjur vegna fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði muni nema 14,754 milljörðum. Kostnaður við þessa lækkingu nemur um 447 milljónum króna. Á móti kemur sambærileg lækking á liðnum ófyrirséð.

Samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2020 hækkar atvinnuhúsnæði um 5,9% en fyrir árið 2019 hækkaði atvinnuhúsnæði um 16,6%. Þessar gríðarlegu hækkningar hafa leitt til hundruð milljóna króna í aukna skattheimtu á heimili og fyrirtæki. Fasteignagjöld eru óheppileg skattheimta á fyrirtæki þar sem þau leggjast á eigið fé þeirra óháð afkomu. Ekki þarf að fjölýrða um áhrifin, nú þegar hægir harkalega á vexti í hagkerfinu, auk þess að launaskrið hefur verið umtalsvert á síðustu árum. Því mega fyrirtæki borgarinnar síður við slíkum hækkunum og þær skerða samkeppnisstöðu fyrirtækja í borginni gagnvart fyrirtækjum í sveitarfélögum með lægri skattheimtu. Af 10 stærstu fyrirtækjum landsins hafa eingöngu 4 þeirra höfuðstöðvar í Reykjavík.

Áætlað er að lækka þessar álögur á fyrirtæki Reykjavíkur í lok kjörtímabils en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óttast að það verði of seint. Því er lagt til að fasteignagjöld á fyrirtæki lækki um 0,05% þegar á árinu 2020.

### **D-3 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að arðgreiðslum frá Orkuveitu Reykjavíkur verði ráðstafað til útsvarslækkana:**

Lagt er til að arðgreiðslum frá Orkuveitu Reykjavíkur verði að fullu ráðstafað til útsvarslækkana í Reykjavík. Útgjaldaauki verði fjármagnaður með aðhaldi í innkaupum, útboðum og hagræðingu í miðlægri stjórnslu.

#### **Greinargerð:**

Reykjavíkurborg innheimtir hæsta lögleyfða útsvar, fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði eru í hámarki og krónutala fasteignagjalda fer hækkandi árlega, samhliða síhækkandi fasteignamati. Þeir tekjustofnar sveitarfélagsins sem lög gera ráð fyrir að staðið geti undir grunnþjónustu sveitarfélags eru nær fullnýttir. Samt sem áður hefur Reykjavíkurborg ákveðið að seilast enn frekar í vasa borgarbúa með arðgreiðslukröfum á Orkuveituna, sem auðvitað leiða til óþarflega hárra þjónustugjalda á íbúa.

Lækkingu útsvars er hagsmunamál fyrir alla þjóðfélagshópa. Skattastefna sveitarfélaga hefur meiri áhrif á launafólk en álagningu ríkisins á tekjuskatti. Einstaklingur með lágmarkslaun greiðir talsvert hærra fjárhæð í útsvar til sveitarfélags, en í tekjuskatt til ríkisins. Lækkaðar álögur skipta borgarbúa máli.

Hér er lagt til að arðgreiðslur frá Orkuveitu Reykjavíkur verði nýttar til lækkunar útsvars.

#### D-4 Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að lækka kostnað í miðlægri stjórnsýslu borgarinnar um 5% á árinu 2020.

Borgarstjórn samþykkir að lækka kostnað í miðlægri stjórnsýslu um 5% á árinu 2020. Hér er átt við miðlæga stjórnsýslu eins og hún var skilgreind árið 2019, sjá nánari sundurliðun í greinargerð.

#### Greinargerð:

	Rauntölur 2018	Áætlun 2019	Esk. áætlun 2019	Endurskoðuð áætlun 2019 - skipulag 2020			Samtals
				Fjármála- og áhættu- stýringarsvið	Mannauðs- og starfsþróunarsvið	Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	
<b>Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu</b>							
Borgarlögmaður .....	126.543	136.882	138.113			138.113	138.113
Endurskoðun .....	90.033	106.669	109.970			109.970	109.970
Fjármálaskrifstofa .....	1.028.655	1.146.504	1.184.619	1.169.457	15.162		1.184.619
Mannréttindaskrifstofa .....	195.220	202.547	299.430			299.430	299.430
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara .....	504.804	854.587	828.559	30.978	198.530	462.690	828.559
Skrifstofa borgarstjórnar .....	428.584	405.798	409.278			409.278	409.278
Umboðsmaður borgarbúa .....	41.028	41.871	42.273			42.273	42.273
Skrifstofa þjónustu og rekstrar .....	886.759	1.716.609	1.819.632				1.819.632
<b>Samtals</b>	<b>3.670.670</b>	<b>4.611.468</b>	<b>4.831.874</b>	<b>1.200.434</b>	<b>213.692</b>	<b>1.461.755</b>	<b>1.955.993</b>

Á síðustu árum hefur kostnaður í miðlægri stjórnsýslu aukist verulega. Sem dæmi þá voru útgjöld við miðlæga stjórnsýslu rétt ríflega fjórir milljarðar (4.059.715.950) íslenskra kr. árið 2014, en árið 2018 var kostnaðurinn kominn upp í tæplega fimm og hálfan milljarð (5.481.121.045) íslenskra kr. Það er aukning um rúm 35% á fjórum árum. Eins og sjá má á meðfylgjandi sundurliðun hefur nettókostnaður við miðlæga stjórnsýslu ekkert lækkað heldur þvert á móti hækkað.

#### D-5 Tillaga Sjálfstæðisflokksins að Malbikunarstöðin Höfði verði seld.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Malbikunarstöðin Höfði sem er að fullu í eigu Reykjavíkurborgar verði sett í sölufurli. Eignarhald borgarinnar á Malbikunarstöðinni skeykir samkeppnisstöðu fyrirtækja á sama markaði og samræmist ekki sjónarmiðum um heilbrigða samkeppni og hagkvæma opinbera þjónustu.

#### Greinargerð:

Með eignarhaldi Reykjavíkurborgar á Malbikunarstöðinni Höfða hf. skapar borgin hagsmunaaðrekstur sem grefur undan frjálsri samkeppni. Þrátt fyrir að Malbikunarstöðin Höfði sé verðmætt fyrirtæki geta skapast þær aðstæður að reksturinn verði þyngri og erfiðari sem skapar sveiflur og áhættu fyrir skattgreiðendur. Nú er komið að þeim tímamótum að flytja þarf

Malbikunarstöðina með tilheyrandi kostnaði og því rétt að huga að sölu fyrirtækisins við þau tímamót.

#### **D-6 Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að farið verði í rekstrarútboð fyrir þrjú af þeim sjö bílastæðahúsum sem Reykjavíkurborg rekur í dag**

Borgarstjórn samþykkir að farið verði í rekstrarútboð fyrir þrjú af þeim sjö bílastæðahúsum sem Reykjavíkurborg rekur í dag. Reksturinn verði boðin út eigi síðar en 1. febrúar 2020.

#### **Greinargerð:**

Á fundi borgarstjórnar hinn 5. febrúar sl. var samþykkt að Borgarstjórn myndi fela umhverfis- og skipulagssviði, í samráði við Bílastæðasjóð, að skoða bestu leiðir varðandi rekstur þeirra sjö bílastæðahúsa sem sjóðurinn rekur í miðborg Reykjavíkur, þar með talið rekstrarútboð, með það fyrir augum að bæta nýtingu, efla þjónustu og auka hagkvæmni. Einnig var lagt til að rýna fyrirkomulag rekstrarins út frá markmiðum borgarinnar varðandi stýringu bílastæða, bættu nýtingu borgarrýmis, bílastæðastefnu og stefnu aðalskipulags. Sviðið átti að skila tillögum til skipulags- og samgönguráðs fyrir 1. ágúst 2019. Ekkert hefur komið út úr þeirri vinnu, þrátt fyrir að tillagan hafi verið samþykkt, og því telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks æskilegt að farið verði í rekstrarútboð fyrir þrjú af þeim sjö bílastæðahúsum sem Reykjavíkurborg rekur í dag.

Rekstur þessa húsa verði boðinn út eigi síðan en 1. febrúar 2020. Þannig mætti bæta þjónustu við þá sem nýta þjónustu bílastæðahúsanna. Enda hafa einkaaðilar meiri möguleika á því að hafa sveigjanlegan opnunartíma á þeim húsum sem færu í útboð.

#### **D-7 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að rekstur sorphirðu í borginni verði boðin út**

Borgarstjórn samþykkir að kannað verði hvort hægt sé að ná hagkvæmni í rekstri sorphirðu í borginni með því að bjóða framkvæmd hennar út. Miðað skuli við að breytingin yrði gerð í áföngum, að byrjað væri í völdum hverfum, og reynslan metin áður en lengra yrði haldið. Skilyrða þyrfti að núverandi starfsfólk héldi störfum sínum og starfstengd réttindi þeirra fylgdu með. Með könnuninni mætti áætla sparnað og í framhaldinu kanna hvort draga mætti úr gjaldtöku í málaflokknum, og/eða draga úr umhverfisáhrifum sorphirðu í borginni.

#### **Greinargerð:**

Langflest sveitarfélög á landinu bjóða út framkvæmd sorphirðu og því má leiða líkur að því að með slíku fyrirkomulagi fái ákveðin rekstrarhagkvæmni. Könnunin þyrfti ekki að vera flókin eða tímafrek, heldur mætti nýta þekkingu og reynslu annarra sveitarfélaga af sínu útboðsleiðinni. Miðað þyrfti við að ekki væri verið að bjóða út alla sorphirðuna í borginni eins og hún leggur sig, heldur yrði valin ákveðin hverfi og tilraun með útboðsleiðina gerð þar. Ef árangurinn yrði ekki góður mætti draga tilraunina til baka og halda áfram óbreyttu fyrirkomulagi, þ.e. að láta borgarstarfsmenn sjá um þjónustuna. Mikilvægt væri að tryggja að starfsmenn myndu ekki missa vinnu sína eða starfsréttindi.

Hagræðinguna mætti nýta til að draga úr gjaldtöku eða kosta leit að leiðum til að draga úr umhverfisáhrifum sem fylgja sorphirðu og meðhöndlun úrgangs, styðja við nýsköpunar- eða frumkvöðlastarf í málaflokknum.

## **D-8 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. verði seld.**

Lagt er til að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. verði seld. Sala á nettengingum er hvorki hluti af grunnrekstri Reykjavíkurborgar né hefðbundnum grunnrekstri Orkuveitunnar. Söluandvirðið verði nýtt til að lækka skuldir og fjármagnskostnað í samstæðu Reykjavíkurborgar.

### **Greinargerð:**

Miklir fjármunir liggja bundnir í dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur; Gagnaveitunni. Félagið hefur vaxið með hlutafjárframlögum Orkuveitunnar og skuldsetningu og eru fjárfestingar frá upphafi verkefnisins verið yfir 30 milljarðar króna að núvirði. Gagnaveitan hefur ekki skilað hagnaði en starfar á samkeppnismarkaði í fjarskiptum.

Borgarstjórn samþykkti þann 16. október 2012 að selja allt að 49% hlut í félaginu og var því haldið opnu að selja meira síðar. Þrátt fyrir þessa samþykkt borgarstjórnar hefur áfram verið fjárfest í verkefninu fyrir meira en 11 milljarða króna. Nú hafa liðið 6 ár og margir milljarðar farið í að þróa verkefnið enn frekar.

Nær tuttugu ár eru síðan Orkuveitan fór að fjárfesta í nettengingum og síðan þá hafa öflugir aðilar í fjarskiptum búið til samkeppnismarkað. Það er því engin þörf á því fyrir þróun neytendamarkaðar í fjarskiptum að Orkuveita Reykjavíkur fóstri áfram þetta þróunarverkefni. Miklu nær er að borgin fari eftir eigin samþykkt frá árinu 2012 þegar borgarstjórn samþykkti sölu félagsins, líkt og hinir hluthafar Orkuveitunnar gerðu.

Með söluverðum væri hægt að minnka skuldir samstæðu borgarinnar umtalsvert en það er skynsamleg forgangsröðun einmitt á þeim óvissutímum sem við erum nú á. Eins skiptis tekjur af sölu byggingarréttar eru ekki í hendi á næstu árum. Endurmat eigna hefur síðustu árin skilað borginni hagnaði upp á tugi milljarða. Ólíklegt er að sú þróun haldi áfram. Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til samþykktar gerir ráð fyrir óhóflegri skuldsetningu og tekjustofnum í botni. Sú leið að losa landfestar á Gagnaveitu Reykjavíkur og láta hana standa á eigin fótum myndi minnka áhættu í rekstri borgarinnar, lækka vaxtagjöld og stuðla að eðlilegu samkeppnisumhverfi á fjarskiptamarkaði.

## **D-9 Tillaga Sjálfstæðisflokks um jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með börnum í grunnskóla, óháð rekstrarformi**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 289.001.000 kr. svo unnt verði að veita jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með hverjum nemanda sem lögheimili á í Reykjavík, og sækir þar grunnskóla. Þannig fylgi sama upphæð opinbers fjár hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrarformi viðkomandi grunnskóla. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

## **D-10 Tillaga Sjálfstæðisflokks um jöfn framlög úr borgarsjóði með börnum í leikskóla, óháð rekstrarformi**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 107.664.861 kr. svo unnt verði að veita jöfn rekstrarframlög úr borgarsjóði með hverju barni sem lögheimili á í Reykjavík og sækir þar leikskóla. Þannig fylgi sama upphæð opinbers fjár hverju barni inn í leikskóla, óháð rekstrarformi viðkomandi skóla. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.